

Múltikúlti – íslenska ehf.
Bolholti 6
105 Reykjavík

Kópavogi, 15. desember 2023
Tilvísun: M23100008

Efni: Viðurkenning framhaldsfræðsluaðila til þriggja ára – Múltikúlti – íslenska ehf.

Vísað er til umsóknar Múltikúlti – íslenska ehf., kt. 440711-0300, sem dagsett er 28. september 2023 þar sem sótt er um viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu veitir ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Viðurkenningin veitir nemendum ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina og önnur framlögð gögn um starfsemi Múltikúlti – íslenska ehf. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 ásamt yfirlýsingum og viðaukum. Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Múltikúlti – íslenska ehf., kt. 440711-0300, viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin byggir á að kennsla fari fram í húsnæði Múltikúlti – íslenska ehf. að Bolholti 6 eins og því er lýst í umsókninni.

Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri
(undirritað rafrænt)